

AUGLÝSING

um deiliskipulagsbreytingu á flugþjónustusvæði Keflavíkurflugvallar.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti þann 4. desember 2015 óverulega breytingu á deiliskipulagi flugþjónustusvæðis Keflavíkurflugvallar - deiliskipulagssvæði A. Breytingin nær yfir lóðirnar Blikavöll 5 og Kjóavöll 1 og felur m.a. í sér stækkun byggingarreits og aukið byggingarmagn á Blikavelli 5 og að lóðin Kjóavöllur 1 er felld út úr deiliskipulagssvæði A.

Deiliskipulag fyrir svæði A og F hafa hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. og 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 16. desember 2015,

Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2015